



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í tilefni af heiðursverðlaunum
Vestnorræna ráðsins**

Færeyjum 10. ágúst 2015

Virðulegi lögmaður
Ráðherrar
Þingmenn Vestnorræna ráðsins
Kæru vinir

Það er í senn óvæntur og mikill heiður að taka hér í Færeyjum við heiðursverðlaunum Vestnorræna ráðsins; í fyrsta sinn sem þau eru veitt.

Ég þakka ykkur einlæglega og er djúpt snortinn; líka minnugur þess að með sérhverjum heiðri fylgir ríkuleg ábyrgð.

Vinátta og samfylgd Færeyinga, Grænlandinga og Íslendinga á sér margvíslegar sögulegar rætur en hún er líka mótuð af uppruna okkar, samfélögum sjómanna og bænda sem sóttu í auðlindir hafsins viðspyrnu til framfara og nýrrar sóknar.

Í árdaga nýrrar aldar hefur hið nýja gildi Norðursins, lega okkar í miðju Norðurslóða og áhugi forysturíkja í efnahagslífi Evrópu, Asíu og Norður-Ameríku á hinum norðlæga heimshluta fært okkur í senn fjölda tækifæra og nýtt sögulegt hlutverk. Löndin okkar þrjú og hafsvæðin í kringum okkur hafa saman öðlast nýtt mikilvægi í veröldinni – geopólítíska stöðu – sem hefði verið óhugsandi fyrir fáeinum áratugum.

Það hefur verið í senn skylda mín og heillandi verkefni að útskýra stöðu, menningu, hlutverk og hagsmuni vinþjóðanna þriggja, Færeyinga Grænlandinga og Íslendinga – hinnar vestnorrænu fjölskyldu – á fjölda alþjóðlegra þinga og ráðstefna vítt og breitt um veröldina og stuðla einnig

að því að við getum nú árlega komið saman á hin nýju þing Arctic Circle þar sem yfir 1500 þátttakendur frá meira en 40 löndum mæta til samræðna og samstarfs um framtíð Norðurslóða.

Við erum við upphaf nýrrar vegferðar og það skiptir miklu að við berum gæfu til að standa saman og nýta sameiginlega reynslu, menningu og lífssýn til farsælla áhrifa.

Samstarf þjóðþinga okkar, kjörinna fulltrúa lýðræðislegra samfélaga, á vettvangi Vestnorræna ráðsins í þrjátíu ár, er í þessum efnum traust undirstaða og grundvöllur til að fjölga enn frekar verkefnum, skýra og skilja sameiginlega hagsmuni.

Við erum vitni að sögulegum þáttaskilum, nýjum sessi Norðurslóða í veröldinni. Við sjáum í mótun nýja heimsmynd sem orðin er athafnavöllur hinna vestnorrænu þjóða. Samvinna okkar, sem fyrir 30 árum var kannski fyrst og fremst ætlað að vera fyrir okkur sjálf, hefur nú öðlast gildi á veraldarvísu.

Ég þakka ykkur fyrir þennan mikla heiður og heiti því að vinna áfram ötullega í þágu okkar sameiginlegu framtíðar.